



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 8. maí 2025

SFS25040052

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldra barna í leikskólum um framkvæmdir við Miðbæjarleikskóla við Njálsgötu

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 7. apríl 2025, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldra barna í leikskólum:

Hvenær er fyrirhugað að halda áfram framkvæmdum við Miðbæjarleikskólann við Njálsgötu? Hafa Basalt og Landslag, þeir arkitektar sem hönnuðu leikskólann, verið beðin um að gera breytingar á hönnun/efnisvali vinningstillögu til þess að auka líkur á að tilboð komi í verkið? Samkvæmt heimasíðu Reykjavíkurborgar er fyrirhugað að leikskólinn verði tilbúinn 2027 en eftir því sem næst verður komið hefur verkefnið ekki verið boðið út.

Svar:

Fyrirspurnin var send til Eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar og er svar skrifstofunnar meðfylgjandi.



Reykjavík



Viðtakandi: Skóla- og frístundasvið, Steinn Jóhannsson
Sendandi: Eignaskrifstofa

Reykjavík, 29. apríl 2025
FAS25040043

SVAR VIÐ FYRIRSPURN UM FRAMKVÆMDIR VIÐ MIÐBÆJARSKÓLANN VIÐ NJÁLSGÖTU

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 7. apríl 2025 lagði áheyrnarfulltrúi foreldra barna í leikskólum fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hvenær er fyrirhugað að halda áfram framkvæmdum við Miðbæjarleikskólann við Njálsgötu? Hafa Basalt og Landslag, þeir arkitektar sem hönnuðu leikskólann, verið beðin um að gera breytingar á hönnun/efnisvali vinningstillögu til þess að auka líkur á að tilboð komi í verkið? Samkvæmt heimasíðu Reykjavíkurborgar er fyrirhugað að leikskólinn verði tilbúinn 2027 en eftir því sem næst verður komið hefur verkefnið ekki verið boðið út.

Svar

Reykjavíkurborg í samstarfi við Arkitektafélag Ísland efndi sumarið 2020 til opinnar hönnunar- og framkvæmdasamkeppni um nýjan miðborgarleikskóla fyrir um 116 börn og fjölskyldumiðstöð við Njálsgötu. Basalt arkitektar og Landslag áttu verðlaunatillöguna. Um var að ræða leikskóla og fjölskyldumiðstöð úr CLT einingum á þrem hæðum, auk kjallara. Byggingin átti að fá BREEAM Excellent alþjóðlega umhverfisvottun. VSÓ sá um verkfræðihönnunina. Útboð á framkvæmd var auglýst í maí 2022, en enginn tilboð bárust, síðan aftur í september sama ár, og eina tilboðið sem kom þá var milljarð yfir kostnaðaráætlun.

Umhverfis- og skipulagssvið hefur með hönnuðum rýnt hönnunina til að gera hana hagkvæmari, en sú rýni hefur ekki skilað ásættanlegri niðurstöðu. Reykjavíkurborg hefur uppfyllt allar sínar skyldur gagnvart hönnuðum og er því frjálst að bjóða út aðra hönnun á lóðinni.

Nýr 10 deilda leikskóli við Fossvogsblett úr timbureiningum er í útboði núna. Samkvæmt útboðsgögnum er heimilt að hanna og framkvæma fimm 6-10 deilda leikskóla úr sömu timbureiningum á öðrum stöðum í Reykjavík, við þann aðila sem hlýtur samninginn. Eignaskrifstofa ásamt brúum bilið hópnum er að skoða hvaða fimm lóðir komi til greina og er miðborgarlóðin þar á meðal. Ákvörðun mun liggja fyrir í sumar ásamt tímaplani, en mögulegt er að framkvæmdir gætu hafist 2027-2028.

Virðingarfyllst,
Óli Jón Hertervig
Eignaskrifstofa
Fjármála- og áhættustýring



Reykjavík